

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 20. febrúar 2023
Málsnúmer: 202301-0124
SS

Efni: Umsögn um tilkynnta framkvæmd á skógrækt í landi Alviðru við Sogið.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 27. janúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Alviðru fræðsluseturs á skógrækt í landi Alviðru við Sogið undir Ingólfsfjalli, í Sveitarfélaginu Ölfusi, eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum skv. ákvæðum laga nr. 111/2021.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér framkvæmdina og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Áætluð nýskógrækt er undir viðmiðunarmörkum 1. viðauka laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana, en er tilkynningarskyld því hún er innan svæðis á gildandi náttúruminjaskrá (C-hluta) – svæði nr. 747: „Alviðra og Sog.“. Það svæði er m.a. metið með hátt verndargildi vegna fuglalífs og gróðurfars.

Stefnt er að því að gróðursetja fyrst og fremst birki auk einstaka plantna af reynitré og blæösp. Þá á að reyna að hemja útbreiðslu lúpínu á svæðinu og m.a. gróðursetja birkið inn í lúpínubreiður. Stefnt er að því að gróðursetja í minni þéttleika þar sem fyrir er berjalýng til að stuðla að góðu samlífi trjágróðurs og lyngtegunda. Ekki er stefnt að því að gróðursetja innfluttar trjátegundir. Þá er ekki gert ráð fyrir neinni véltækri jarðvinnslu.

Náttúrufræðistofnun telur þessar áherslur í skógræktinni vera góðar og falla vel að eðli svæðisins sem náttúruverndarsvæði. Taka á tillit til gróðurfars sem fyrir er og hlífa því sem hefur hæst verndargildi. Einnig er tekið tillit til jarðminja þ.e. malarhjalla eftir forna sjávarstöðu. Helsta afleiðingin sem mögulega getur verið neikvæð er að búsvæði mófugla geta dregist saman. Að mati Náttúrufræðistofnunar væri heppilegt að hafa gögn um þéttleika mófugla á svæðinu. Vitað er að margar mófuglategundir forðast nábýli við trjágróður. Endurheimt votlendis sem þegar hefur farið fram í landi Alviðru gagnast sumum tegundum sem gætu misst búsvæði sín vegna skógræktar en þó alls ekki öllum. Náttúrufræðistofnun leggur til að Alviðra fræðslusetur láti framkvæma úttekt á fuglalífi svæðisins til að geta skipulagt skógræktaráform þannig að þau hafi sem minnst áhrif á fugla. Annars er það mat Náttúrufræðistofnunar að ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

